

skilgreint sem svæði fyrir stofnanir. Á svæðinu milli húsagötunnar og Varmár verður gert ráð fyrir einni íbúðarlóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flúða 1992-2012, miðbæjarkjarni, Hrunamannahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. apríl 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Flúða 1992-2012 frá 25. apríl 1994.

Breytingin felst í að ný vegtenging er við Hrunamannaveg austan félagsheimilis. Eldri tenging vestan félagsheimilisins fellur niður. Hluti stofnanasvæðis austur af félagsheimili verður verslunar- og þjónustusvæði í tengslum við tjaldstæði. Afmörkun á grænu svæði til sérstakra nota, skógræktarsvæði við Skúta er breytt og lega stíga breytist. Nýjar innkeyrslur verða að félagsheimili frá Hrunamannavegi og frá Langholtsvegi að fyrirhuguðum leikskóla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015, Þórisstaðir.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. apríl 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin varðar spildu úr landi Þórisstaða sem breytt er úr landbúnaðarsvæði í hugsanlegt sumarbústaðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfissráðherra þann 23. apríl 2002 staðfest aðalskipulag Kópavogs 2000-2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Kópavogs 1992-2012.

Umhverfissráðuneytinu, 23. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2002 tillögu að breytingu á deiliskipulagi reita 9 og 14 á svæði A í Keflavík, Reykjanesbæ. Tillagan nær til reits sem afmarkast af Hafnargötu og Túngötu milli Aðalgötu og Tjarnargötu.

Breytingartillagan gerir m.a. ráð fyrir að þau hús sem nú standa við Hafnargötuna milli Aðalgötu og Tjarnargötu verði víkjandi og byggingarreit lóðanna er breytt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 19. apríl 2002.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.